


Deloitte.



Fjármálastjórakönnun Deloitte

Vor 2019

Ókyrrð í hagkerfinu

Meðfylgjandi eru niðurstöður úr fjármálastjórakönnun Deloitte. Könnunin er gerð tvisvar á ári og er tilgangur hennar að sýna mat fjármálastjóra á stöðu fyrirtækja og efnahagsumhverfis. Þetta er í ellefta sinn sem könnunin er framkvæmd hér á landi og hún er nú í þriðja skipti unnin í samstarfi við önnur aðildarfélög Deloitte á EMEA svæðinu (Europe, Middle East and Africa). Niðurstöður endurspeglu því skoðanir fjármálastjóra á Íslandi í samanburði við fjármálastjóra í 20 EMEA löndum, þar sem við á.

Rafrænn spurningalisti var sendur til fjármálastjóra 300 stærstu fyrirtækja landsins í mars síðastliðnum og viljum við þakka þeim sem tóku þátt kærlega fyrir. Við vekjum athygli á því að á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd voru kjarasamningar óleystir og óvissa tengd vandræðum í rekstri WOW air fór hátt, sem telja má að gæti hafa haft áhrif á niðurstöður.



Fjármálastjórar aldrei verið jafn svartsýnir

- Áfram dregur úr bjartsýni íslenskra fjármálastjóra en Ísland hefur neikvæða nettó stöðu (-37%), það er hlutfallslega fleiri telja að fjárhagslegar horfur hafi versnað frekar en batnað á síðustu þremur mánuðum. Nettó hlutfall hefur lækkað um 23% frá því í haust.
- Aldrei hafa jafn fáir verið jákvæðir gagnvart þróun á tekjum og EBITDA á næstu 12 mánuðum frá því að könnunin var fyrst framkvæmd á haustmánuðum 2014. Um helmingur íslenskra fjármálastjóra telur að tekjur muni aukast á næstu 12 mánuðum og er nettó viðhorf jákvætt um 27%.



Óvissa og áhætta

- Um helmingur fjármálastjóra á Íslandi telur sig standa frammi fyrir mikilli fjárhagslegri og efnahagslegri óvissu. Telur tæplega helmingur þeirra fjárhagslegar horfur sínar hafa versnað á undanförunum mánuðum.
- Áhættuvilji íslenskra fjármálastjóra hefur aldrei mælst minni. Aðeins tvær þjóðir á EMEA svæðinu, Tyrkland og Bretland, mældust lægri.
- Almennt telja fjármálastjórar á EMEA svæðinu að óvissa sé mikil (63%) og er vilji til áhættutöku í sögulegu lágmarki (20%).



Markaður og efnahagur

- Viðhorf til þróunar á hagvexti á næstu tveimur árum hefur ekki mælst svartsýnna frá fyrstu könnun, haustið 2014.
- Um 60% búast við niðursveiflu (neikvæður hagvöxtur á tveimur samfelldum ársfjórðungum) á næstu 18 mánuðum.
- Gengisþróun krónunnar heldur áfram að vera stærsti ytri áhættuþáttur fyrirtækja og telur meirihluti fjármálastjóra hérlendis (69%) að gengi íslensku krónunnar muni veikjast verulega eða veikjast nokkuð á næstu sex mánuðum. Niðurstöður benda til þess að samdráttur verði í ráðningum nýrra starfsmanna á næstu mánuðum.



Fjármögnun og fjárfestingar

- Niðurstöður benda til þess að íslensk fyrirtæki muni leitast við að draga úr skuldsetningu á næstu 12 mánuðum (47%).
- Af þeim fjármögnunarleiðum sem spurt er um telja flestir fjármálastjórar íslenskra fyrirtækja innri fjármögnun vera hagkvæma en lántöku óhagkvæma. Fjármálastjórar innan EMEA telja lántöku hjá bönkum hagkvæma en útgáfu hlutafjár óhagkvæmasta valkostinn.
- Um 84% fjármálastjóra hérlendis segjast engar fyrirætlanir hafa um erlendar fjárfestingar eða lántökur.

Þátttakendur

Velta og atvinnugreinar


- Þátttakendur eru fjármálastjórar íslenskra fyrirtækja. Rúmlega helmingur þátttakenda starfar hjá fyrirtækjum með veltu yfir 5 ma.kr. á ári.
- Flest svör fengust frá fjármálastjórum fyrirtækja sem starfa í verslun og þjónustu.

Þátttakendur á EMEA svæðinu

- Könnunin er unnin í samstarfi við önnur aðildarfélög Deloitte á EMEA svæðinu. Niðurstöður endurspeglar þannig viðhorf fjármálastjóra á Íslandi í samanburði við tæplega 1.400 fjármálastjóra í 20 löndum þar sem við á.
- Meðaltal niðurstaðna EMEA landa er vegið eftir landsframleiðslu hvers lands.
- Löndin í EMEA hópnum eru Austurríki, Belgía, Sviss, Þýskaland, Danmörk, Spánn, Finnland, Grikkland, Írland, Ísland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Noregur, Pólland, Portúgal, Rússland, Svíþjóð, Tyrkland og Bretland.
- Fyrir frekari upplýsingar um niðurstöður EMEA þá vísun við á skýrslu með alþjóðlegum niðurstöðum sem birt verður á heimasíðu Deloitte.

Hver var velta þíns fyrirtækis á síðasta ári?

Mengi svarenda á Íslandi



Undir hvaða atvinnugrein fellur þitt fyrirtæki?

Mengi svarenda á Íslandi




Væntingar til næstu 12 mánaða


Væntingar til reksturs

- Helmingur íslenskra fjármálastjóra telur horfur til þróunar tekna næstu 12 mánuði jákvæðar. Samanborið við niðurstöður frá haustmánuðum 2018 hefur bjartsýni dregist lítillega saman. Nettó viðhorf er þó enn jákvætt, það er fleiri fjármálastjórar búast við aukningu frekar en samdrætti í tekjum (27%).
- Viðhorf íslenskra fjármálastjóra til þróunar EBITDA á næstu 12 mánuðum er nánast óbreytt frá því í haust. Nettó viðhorf er 0%, það er jafn margir fjármálastjórar búast við aukningu og samdrætti í EBITDA.
- Fjármálastjórar á EMEA svæðinu eru nokkuð bjartsýnni á þróun þessara lykilstærða en íslenskir fjármálastjórar þrátt fyrir að nettó viðhorf þeirra hafi dregist saman síðastliðna sex mánuði. Nettó viðhorf til beggja stærða er í sögulegu lágmarki en þó jákvætt.
- Á evrusvæðinu eru fjármálastjórar bjartsýnni á þróun tekna en utan þess. Aftur á móti hefur nettó viðhorf dregist saman um 7 prósentustig frá því síðastliðið haust á evrusvæðinu á meðan nettó viðhorf jókst um 5 prósentustig utan þess. Þetta á sömuleiðis við um væntingar um þróun EBITDA þar sem nettó viðhorf hefur dregist saman um 14 prósentustig á evrusvæðinu en jókst um 6 prósentustig utan þess.

Hvernig telur þú að tekjur í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?



Hvernig telur þú að EBITDA í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?




Ráðningar og fjárfestingar


Ráðningar og fjárfestingar

- Fleiri íslenskir fjármálastjórar telja að draga muni úr ráðningum frekar en að þær aukist á næstu 12 mánuðum. Nettó viðhorf er neikvætt sem nemur 34% og hefur hlutfallið lækkað um 26 prósentustig frá því í haust.
- Hérlendis telja fleiri fjármálastjórar að draga muni úr fjárfestingum frekar en að þær aukist á næstu 12 mánuðum. Nettó viðhorf er neikvætt sem nemur 25% og hefur hlutfallið lækkað verulega frá því í haust eða um 46 prósentustig.
- Dregið hefur úr bjartsýni fjármálastjóra á EMEA svæðinu gagnvart aukinni fjárfestingu sem og ráðningu nýrra starfsmanna. Nettó viðhorf á evrusvæðinu er jákvætt, það er þeir sem búast við auknum fjárfestingum og/eða ráðningum eru fleiri en þeir sem telja að draga muni úr þeim. Utan evrusvæðis eru nettó viðhorf neikvæð.

Hvernig telur þú að ráðningar nýrra starfsmanna í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?




Hvernig telur þú að fjárfestingar í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?




Óvissa og áhætta

- Um helmingur fjármálastjóra á Íslandi telur fjárhagslega og efnahagslega áhættu mikla. Þetta hlutfall hefur hækkað um 18 prósentustig frá því í haust. Um 63% meta fjárhagslega og efnahagslega áhættu mikla í EMEA löndum eða um 13 prósentustigum fleiri en á Íslandi.
- Aðeins 8% fjármálastjóra á Íslandi telja að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi og hefur hlutfallið lækkað um 11 prósentustig frá síðastliðnu vori 2018. Eins má sjá meiri varkárni hjá EMEA löndunum í heild en hlutfall þeirra sem telja að nú sé góður tími til að taka áhættu er í sögulegu lágmarki (20%).
- Vilji íslenskra fjármálastjóra til áhættutöku mældist meðal þeirra lægstu en einungis fjármálastjórar í Tyrklandi og á Bretlandi hafa minni vilja til þess að taka áhættu.
- Á Norðurlöndunum eru Norðmenn jákvæðastir fyrir því að auka áhættu í efnahagsreikningi (38%) á meðan hlutfallið er 16%-32% á hinum Norðurlöndunum.
- Um 69% íslenskra fjármálastjóra nefna gengisþróun krónunnar sem einn af helstu ytri áhættuþáttum og heldur gengisþróun áfram að vera stærsti einstaki ytri áhættuþáttur í rekstri íslenskra fyrirtækja að mati fjármálastjóra. Þá eru verðbólga og vaxtastig einnig nefnd sem stórir áhrifaþættir en 19 prósentustigum fleiri nefna verðbólgu samanborið við vorið 2018.


Hvernig metur þú fjárhagslega og efnahagslega óvissu sem fyrirtæki þitt stendur frammi fyrir?



Telur þú að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi?



Hvaða ytri áhættuþættir hafa helst áhrif á rekstur þíns fyrirtækis?*




*Merkja mátti við fleiri en einn valkost. Svarmöguleikinn „Áhætta tengd netárásam (e. cyber risk)“ var ekki vor 2018.

Horfur og áherslur


Horfur og og áherslur

- Um 46% íslenskra fjármálastjóra telja að fjárhaglegar horfur hafi versnað á síðustu þremur mánuðum og er nettó viðhorf neikvætt um 37%, það er mun fleiri fjármálastjórar telja að fjárhagshorfur hafi versnað frekar en batnað.
- Dregið hefur úr bjartsýni í nánast öllum löndum innan evrusvæðisins og er nettó viðhorf fjármálastjóra þar neikvætt í fyrsta skipti í fjögur ár.
- Á Íslandi stefna flest fyrirtæki á að lækka kostnað og stækka með innri vexti. Áherslur eru svipaðar og á undanförunum árum en hlutfall fjármálastjóra með áherslu á aukinn innri vöxt hefur aukist um 9 prósentustig á milli ára auk þess sem töluvert fleiri leggja áherslu á að minnka skuldsetningu og auka sjóðsstreymi en áður.
- Hlutfall þeirra sem hyggjast fara inn á nýja markaði hækkar um 5 prósentustig frá fyrri könnun og hlutfall þeirra sem hyggjast auka arðgreiðslur eða kaupa eigin bréf hækkar sömuleiðis um 5 prósentustig.

Telur þú fjárhagslegar horfur þíns fyrirtækis hafa breyst á síðustu þremur mánuðum?



Hvað af eftirfarandi verður lögð áhersla á innan fyrirtækisins á næstu 12 mánuðum?




* Merkja mátti við fleiri en einn valkost.

Fjármögnun


Fjármögnun fyrirtækja

- Um 27% íslenskra fjármálastjóra telja lántöku hjá bönkum hagkvæma á meðan 50% telja hana óhagkvæma. Innan EMEA telja 65% fjármálastjóra lántöku hjá bönkum hagkvæma.
- Af fjórum fjármögnunarleiðum sem spurt var um var innri fjármögnun álitin hagkvæmasta fjármögnunarleiðin af fjármálastjórum hérlendis. Í EMEA löndunum var lántaka hjá bönkum álitin hagkvæmust.
- Einungis 21% íslenskra fjármálastjóra telja útgáfu hlutafjár hagkvæma og enn færri (17%) telja útgáfu skuldabréfa hagkvæma.
- Fjármálastjórar innan EMEA landa meta lántöku hjá bönkum, útgáfu skuldabréfa og útgáfu hlutafjár talsvert hagkvæmari fjármögnunarleiðir en íslenskir fjármálastjórar.


Hvernig metur þú lántöku hjá bönkum sem fjármögnunarkost við fjármögnun þíns fyrirtækis?




Hvernig metur þú útgáfu skuldabréfa sem fjármögnunarkost við fjármögnun þíns fyrirtækis?



Hvernig metur þú innri fjármögnun sem fjármögnunarkost við fjármögnun þíns fyrirtækis?




Hvernig metur þú útgáfu hlutafjár sem fjármögnunarkost við fjármögnun þíns fyrirtækis?




Fjármögnun fyrirtækja

- Líkt og undanfarin ár telja fjármálastjórar á Íslandi að stýrivextir Seðlabankans séu of háir (88%). Stýrivextir hafa hækkað um 25 punkta frá fyrri könnun.
- Flest íslensk fyrirtæki stefna á að halda skuldsetningu sinni óbreyttri eða draga nokkuð úr henni (72%).
- Samanborið við niðurstöður könnunarinnar fyrir 12 mánuðum síðan má sjá samdrátt í hlutfalli þeirra fjármálastjóra sem vilja auka skuldsetningu síns fyrirtækis úr 24% í 17%.


Hlutfall fjármálastjóra sem telja stýrivexti Seðlabanka Íslands of háa.



Hvert er markmið þitt þegar kemur að skuldsetningu þíns fyrirtækis á næstu 12 mánuðum?



Sögulegt hlutfall fjármálastjóra með markmið um að auka skuldsetningu.




Markaðs- og efnahagslegir vísar


Markaðs- og efnahagslegir vísar

- Um 39% íslenskra fjármálastjóra telja að hlutabréfaverð muni lækka á innlendum markaði á næstu sex mánuðum. Væntingar um hækkunir hafa minnkað síðan síðastliðið vor en 13 prósentustigum færri gera nú ráð fyrir hækkun á vísitölunni.
- Aðeins 11% fjármálastjóra búast við auknum hagvexti á næstu tveimur árum og hefur þetta hlutfall dregist verulega saman síðastliðin ár.
- Meirihluti fjármálastjóra telur að gengi íslensku krónunnar muni veikjast á næstu sex mánuðum (68%). Einungis 8% fjármálastjóra telja að gengið muni styrkjast.
- Væntingar fjármálastjóra til þróun krónunnar hafa skánað lítillega frá síðustu könnun, haustið 2018, þegar 4% töldu að gengið myndi styrkjast og 84% töldu að gengið myndi veikjast.
- Að meðaltali búast íslenskir fjármálastjórar við að verðbólga á Íslandi verði 4,01% á næstu 12 mánuðum. Á sama tíma búast þeir við 1,50% verðbólgu á evrusvæðinu.


Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um OMXI8 vísitöluna eftir sex mánuði?



Hlutfall fjármálastjóra sem telja að hagvöxtur á Íslandi muni aukast á næstu tveimur árum.




Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um gengi íslensku krónunnar á næstu sex mánuðum?




Markaðs- og efnahagslegir vísar

- Meirihluti fjármálastjóra hérlendis hefur engar áætlanir um erlendar fjárfestingar eða lántökur á næstu 12 mánuðum (84%).
- Aðeins 9% íslenskra fjármálastjóra hefur fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hérlendis undanfarna sex mánuði.
- Samanburður við niðurstöður könnunarinnar fyrir 12 mánuðum síðan bendir til þess að fjármálastjórar hérlendis finni minna fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hérlendis en áður.
- Meirihluti íslenskra fjármálastjóra á Íslandi býst við niðursveiflu hér á landi á næstu 18 mánuðum en þeir eru bjartsýnni á horfur á evrusvæðinu og í Bandaríkjunum. Niðursveifla var skilgreind sem neikvæður hagvöxtur á tveimur samfelldum ársfjórðungum.
- Í flestum öðrum EMEA löndum virðast fjármálastjórar vera bjartsýnni og búast ekki við niðursveiflu, að minnsta kosti ekki til skamms tíma litið.


Hefur fyrirtækið þitt uppi áætlanir um nýjar fjárfestingar erlendis eða lántöku frá erlendum aðilum á næstu 12 mánuðum?



Hefur fyrirtækið þitt fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hérlendis undanfarna sex mánuði?



Býst þú við niðursveiflu á næstu 18 mánuðum á eftirfarandi markaðssvæðum?



Aðgerðir vegna möguleika á hægari hagvexti á heimsvísu

Aðgerðir og undirbúningur

- Rúmlega helmingur íslenskra fjármálastjóra hefur þegar farið í eða ætlar að fara í aðgerðir til þess að draga úr skuldsetningu í þeim tilgangi að gera sitt fyrirtæki betur undirbúið undir möguleika á hægari hagvexti á heimsvísu yfir næstu 12 til 18 mánuði. Tæplega helmingur hefur þegar hafið aðgerðir til þess að styrkja núverandi viðskiptasambönd eða ætlar að gera það.
- Þá telja fjármálastjórar mikilvægt að ganga frá nýrri fjármögnun, auka áherslu á framlegðarháa viðskiptavini, stækka viðskiptavinahópinn og auka áherslu á sjálfvirknivæðingu svo sem gagnagreiningu með forspárgildi (e. predictive analysis), internet hlutanna (e. Internet of Things) og sjálfvirknivæðingu ferla með aðstoð róbóta (e. advanced robotics).
- Áherslurnar á EMEA svæðinu eru nokkuð svipaðar en meirihluti fjármálastjóra á EMEA svæðinu leggur áherslu á að stækka viðskiptavinahópinn (57%) og auka áherslu á framlegðarháa viðskiptavini (46%).

Hverjar af eftirfarandi aðgerðum hefur þú farið í/ætlar að fara í, til þess að gera fyrirtæki þitt betur undirbúið undir mögulegan hægari hagvöxt á heimsvísu yfir næstu 12 til 18 mánuði?



**Ábyrgðaraðili:**

Lovisa A. Finnbjörnsdóttir
Meðeigandi, sviðsstjóri Fjármálaráðgjafar

Sími: 770-4942
lovisa@deloitte.is

**Tengiliður:**

Haraldur I. Birgisson
Meðeigandi, forstöðumaður Viðskipta- og markaðstengsla

Sími: 822-7570
hib@deloitte.is

Deloitte vísar til eins eða fleiri aðildarfélaga innan Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“) og tengdra félaga. DTTL (einnig vísað til sem „Deloitte á alþjóðavísu“) og hvert aðildarfélag þess eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar. DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. Fyrir frekari upplýsingar; www.deloitte.com/about.

Deloitte er leiðandi þjónustuveitandi á sviði endurskoðunar og reikningsskila, tækni- og stefnumótunarráðgjafar, fjármálaráðgjafar, áhætturáðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar og tengdrar þjónustu. Alþjóðlegt net aðildarfélaga okkar spannar meira en 150 lönd og landsvæði. Hjá Deloitte starfa um 286.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þessar upplýsingar eru almenns eðlis og eru Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélög þess og tengd félög þeirra (sameiginlega vísað til sem „Deloitte“) ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu við veitingu þeirra. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti. Enginn aðili innan Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir hverskyns tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þessar upplýsingar.

Deloitte ehf. er hlutdeildarfélag Deloitte NWE LLP sem er aðildarfélag Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“).